



● EL – 2 X Kvoðuhreinsiefni- tvívirkt.

Eiginleikar: Efnið er tvívirkt, mjög sterkt kvoðuhreinsiefni til daglegra þrifa í matvælavinnslum þar sem um sérstaklega erfið og feit óhreinindi er að ræða. Inniheldur tæringarvörn og efni með sóthreinsandi eiginleika.

Innihald: Vatn, Natríumhydroxíð, Jónísk og ójónísk yfirborðsvirk efni, tæringarverjandi efni. pH gildi: ~14, og ca. 12,5 í 1% lausn. Lausnin er tær, gulleitur vökvi.

Notkun: Hentar vel í kvoðuhreinsikerfi og kvoðudælur. Má einnig nota með burstum og öðrum áhöldum þar sem dælum verður ekki viðkomið. Má nota á vélar, vegg og gólf sem þola hábasísk efni. Notist ekki á ál eða aðra léttmálma.

Leiðbeiningar: Blandist í hlutföllunum 1-5% allt eftir notkun og óhreinindum.

Athugið: Efnið er þróað á Íslandi með tilliti til eiginleika íslenska vatnsins með þvottahæfni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Varnaðarmerki, hættusetningar (H) og varnaðarsetningar (V):



H 35 – Mjög ætandi.

V2 - Geymist þar sem börn ná ekki til.

V 24- Varist snertingu við húð. V25- varist snertingu við augu.

V 26- Berist efnið í augu skal strax skola vandlega og leita læknis.

V 36/37/39 – notið viðeigandi hlífðarfatnað, hanska og hlífðargleraugu / andlitsgrímu.

V 45- Leitið umsvifalaust læknis ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingar ef unnt er.